



Félag háskólakennara

**7. fundur stjórnar 2015/2016 haldinn þriðjudaginn 10. nóvember kl. 2015 í Bændahöllinni, kl. 12:00.**

**Fundinn sátu: Jörundur Guðmundsson, Baldvin Zariou, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Helgi Áss Grétarsson, Berglind Rós Magnúsdóttir, Michael Dal og Ármann Höskuldsson. Helga Birna Ingimundardóttir ritaði fundargerð.**

Fyrir fundinn var engin formleg dagskrá.

### **Kjarasamningsviðræður**

Farið var yfir samningsdrög sem lögð voru fram á samningafundi með SNR 9. nóvember síðastliðinn. SNR hefur tekið tillit til athugasemda Félags háskólakennara um forsenduákvæði kjarasamningsins vegna SALEK. Þá var lagt fram skjal með uppsöfnuðu kostnaðarmati fyrir akademíska starfsmenn annars vegar og starfsfólk stjórnsýslu hins vegar. Lokatalan, 23,16%, er sú sama, en hækkanir koma mismunandi inn fyrir hópana, vegna upptöku nýrrar launatöflu fyrir akademíska starfsmenn. SNR hefur ekki enn komið á mótis við kröfu félagsins um Starfsþróunarsjóð. Mjög mikilvægt er að ríkið hafi tekið tilliti til þess að gildistíminn nái aftur til 1. maí 2015, eða frá lokum síðasta kjarasamnings.

Þá var einnig farið yfir útreikning og vörpunarforsendur í nýja akademíska launatöflu fyrir aðjúnkta I, lektora og dósentanna annars vegar og sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn hins vegar.

Í máli formanns kom fram að hann teldi í ljósi viðræðna við SNR ekki tímabært að boða til atkvæðagreiðslu um verkfall. Viðræðurnar væru á góðu skriði og kostnaðarramminn væri skýr og því mikilvægt að reyna að ná eins hagstæðum kjarasamningi og mögulegt væri. Fundur verður haldinn með SNR síðar í dag en síðan verður gert hlé á viðræðunum næstu daga, vegna þess að formaður SNR er að fara í stutt frí.

Málið rætt og stjórnarmenn vildu fá frekari skýringar á launasetningu akademískra starfsmanna í nýja launatöflu m.a. forsendur fyrir vörpun. Einnig var spurt um launatöflu vegna starfsmanna fyrir stjórnsýslu. Þá var rætt um orðalag forsenduákvæða og áhersla lögð á mikilvægi þess að hafa góða tryggingu fyrir kjarasamningi sem nær til 46 mánaða. Þá var rætt um vandamál við launasetningu sérfræðinga, fræðamanna og vísindamanna í samburði við kennara.

**BÓKAÐ:** Ármann Höskuldsson, getur ekki samþykkt fyrirbyggjandi drög að stofnanasamningi á meðan að röðunin er ekki sú sama, þegar borin eru saman heildarstig skv. matskerfinu, á milli hópana.

Fleira ekki gert.  
Fundi lauk 13:15

